




FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



Útgefandi:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

2016 - Öll réttindi áskilin.





FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneytið er eitt ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Markmiðið með störfum þess er að tryggja stöðugleika og hagvöxt í íslensku samfélagi.

Ráðuneytið fer með yfirstjórn ríkisfjármála og efnahagsmála og markar stefnu og gerir áætlanir á þessum sviðum. Þá er ráðuneytið miðstöð nýsköpunar í ríkisrekstri og fer með ýmis önnur mál, svo sem eigna- og mannauðsmál ríkisins.

Vinna að lagafrumvörpum er hryggjarstykkið í starfsemi ráðuneytisins en það

sinnir ýmsum öðrum verkefnum. Í ráðuneytinu fer fram umfangs- mikil gagnasöfnun á ýmsum málefnasviðum.

39

– fjöldi lagafrumvarpa sem ráðuneytið vann og lögð voru fyrir Alþingi veturinn 2014-2015



80

– starfsmenn
í ráðuneytinu

STJÓRN OG DAGLEG STÖRF

Ráðuneytið er skrifstofa ráðherra og æðsta stjórnvald framkvæmda-
valdsins á sínu málefnasviði.

Eitt meginhlutverk ráðherra felst í stefnumótun og nýtur hann til þess
ráðgjafar starfsmanna ráðuneytisins. Ráðherra lætur undirbúa löggjöf
fyrir málefnasvið ráðuneytisins. Hann mælir fyrir lagafrumvörpum í
þinginu og ber endanlega ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Í ráðuneytinu starfa um 80 manns og er starfsmannahópurinn
fjölbreyttur og sérhæfing mikil. Margir hafa lokið framhaldsnámi
á háskólastigi en algengast er að fólk hafi að baki nám í hagfræði,
lögfræði eða öðrum félagsvísindum.

Starfsfólk er ráðið á faglegum forsendum og starfar í ráðuneytinu
óháð því hver gegnir embætti ráðherra hverju sinni. Starfsfólkið er
ráðherra innan handar í daglegum verkefnum og veitir faglega og
ábyrga ráðgjöf.

Fjármála- og efnahagsráðherra er heimilt að ráða til sín einn eða
tvo aðstoðarmenn, sem heyra beint undir ráðherra. Þeir eru hans
nánustu pólitísku ráðgjafar og koma og fara með ráðherra.



Umfang
fjárlaga
ár hvert
er um
700
milljarðar

HELSTU MÁLAFLOKKAR RÁÐUNEYTISINS

Efnahagsmál

Fjármála- og efnahagsráðuneytið undirbýr, mótar og fylgir eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Í ráðuneytinu er greind staða og þróun efnahagsmála innanlands sem utan og mikið samstarf er við spáaðila og erlendar stofnanir á borð við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS).

Fjárlög

Ráðuneytið er í forsvari fyrir árlegri fjárlagagerð ráðuneyta, undirbýr og leggur fram frumvarp til fjárlaga. Fjárlög hvers árs eru í raun rekstraráætlun ríkisins. Umfang fjárlaga ár hvert er um 700 milljarðar, en það er hátt í tíu sinnum hærri upphæð en hjá stóru íslensku fyrirtæki.

Fjárlög hafa sömu stöðu og önnur lög, en umgjörð þeirra er þó á margan hátt sérstök. Nefna má að fjárlög eru alltaf sett til eins árs. Fjárlagafrumvarp komandi árs er ávallt lagt fram á fyrsta þingskjali haustþings.

584

milljarða
tekjur ríkissjóðs
af sköttum og
tryggingagjaldi
árið 2014



Fjármálamarkaðir

Ráðuneytið mótar löggjöf á fjármálamarkaði. Til fjármálamarkaða heyra umgjörð og eftirlit með fjármálafyrirtækjum, málefni verðbréfamarkaða, váttryggingastarfsemi og greiðslukerfa.

Ráðuneytið fer með málefni fjármálastöðugleika innan Stjórnarráðsins og tryggir með því að fjármálakerfið búi yfir nægum viðnámsþrótti til að þola áföll og ójafnvægi án þess að veruleg neikvæð áhrif verði í miðlun fjármagns, miðlun greiðslna og dreifingu áhættu.

Skattamál

Í ráðuneytinu er mótuð stefna í skattamálum og fyrir aðra tekjuöflun ríkisins og er vinna við skattalöggjöf einn af meginþáttum þess verkefnis. Skatttekjur og tryggingagjöld vega þýngst í tekjuöflun ríkissjóðs og námu á árinu 2014 um 584 milljörðum króna.

Ráðuneytið metur einnig forsendur og áhrif skattabreytinga á samfélagið.

Einnig eru í ráðuneytinu sett heildarmarkmið fyrir tekjuöflun ríkissjóðs og langtímaáætlanir um þróun tekna.

Eignir

Eignamál ríkisins heyra undir ráðuneytið. Það fer með eignarhluti ríkissjóðs í félögum, fasteignum, jarðeignum og auðlindum, nema lög kveði á um annað.

Ráðuneytið mótar eigandastefnu ríkisins fyrir hlutafélög og sameignarfélög í eigu ríkisins og sér um eftirfylgni hennar. Ráðuneytið fer jafnframt með yfirstjórn opinberra framkvæmda ríkisins og með húsnæðismál ríkisstofnana.



NÝSKÖPUN

– ráðuneytið
er miðstöð
nýsköpunar
í ríkisrekstri

Mannauðsmál

Ráðuneytið markar stefnu í mannauðsmálum ríkisins og málefnum sem varða réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, svo sem vegna kjarasamninga og launa og lífeyrisréttinda þeirra.

Ráðuneytið gegnir miðlægu vinnuveitandahlutverki ríkisins og fer með kjarasamningsumboð þess. Það sinnir enn fremur ráðgjöf og stuðningi við ríkisstofnanir vegna mannauðsstjórnunar.

Umbætur og nýsköpun

Umbætur og nýsköpun í ríkisrekstri eru á verksviði ráðuneytisins. Markmið umbóta eru að auka skilvirkni stjórnsýslunnar, hagkvæmni og árangur og bæta þjónustu, en þær taka til allra meginþátta í uppbyggingu og stjórnun ríkiskerfisins.

Í ráðuneytinu er m.a. unnið að umbótum og nýsköpun á sviði innkaupamála og í upplýsingatækni.

Alþjóðasamvinna

Ráðuneytið sinnir fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi, svo sem á vettvangi Norðurlanda, OECD, Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópska þróunarbankans (EBRD) og Innviðfjárfestingabanka Asíu (AIIB).

Fasteignamat
húseigna er
140
milljarðar
króna



HURÐIN HANS RÍKARÐS



Það sem gjarnan grípur augu vegfarenda sem eiga leið hjá húsi ráðuneytisins, Arnarhvoli, er mikilfengleg útskorin hurð á suðvesturhlið þess.




Hurðin er upprunaleg en hún var haganlega smíðuð af listamanninum Ríkarði Jónssyni.

Í hurðina eru skornar tvær myndir og sýnir önnur Ingólf Arnarson varpa öndvegissúlum sínum fyrir borð. Á hinni má sjá þræla Ingólfs, Karla og Vífil, þegar þeir fundu öndvegissúlurnar og er Esjan í baksýn.



SKIPURIT





STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

Tólf stofnanir heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Þær eru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bankasýsla ríkisins, Fjármálaeftirlitið, Fjárskýsla ríkisins, Framkvæmdasýsla ríkisins, Ríkiseignir, Ríkiskaup, ríkisskattstjóri, Seðlabanki Íslands, skattrannsóknarstjóri, tollstjóri og yfirkattanefnd.





SAGA RÁÐUNEYTISINS

Stjórnarráð Íslands tók til starfa þegar Ísland fékk heimastjórn árið 1904. Í fyrstu var því skipt í þrjár skrifstofur eða deildir og fór ein þeirra með fjármál og endurskoðunarmál. Árið 1917 hætti Stjórnarráðið að vera ein heildarstofnun og ráðherrarnir urðu þrír. Fyrstur til að gegna embætti fjármálaráðherra var Björn Kristjánsson.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur í um sex áratugi verið til húsa í Arnarhvoli, sem reistur var árið 1930 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, þáverandi húsameistara ríkisins. Lengst af voru önnur ráðuneyti og ríkisstofnanir í húsinu en frá árinu 2014 hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið verið þar eitt.

Á árunum 2013 og 2014 voru gerðar gagngerar endurbætur á ytra byrði Arnarhvals. Haft var að leiðarljósi að útlit húsaanna yrði í samræmi við upprunalegar teikningar að þeim. Í framhaldinu er hafin vinna við endurbætur innanhúss.



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

